

Nd.

39. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Hannes Hafstein, Björn Bjarnarson, þm. Borgf., Pétur Jónsson, Hannes Þorsteinsson, Jósafat Jónatansson, Hermann Jónasson, Tryggvi Gunnarsson, Stefán Stefánsson, þm. Eyf., Björn Bjarnarson, þm. Dalam.

Í staðinn fyrir 1. gr., 2. gr., 3. gr., 5. gr., 11. gr., 12. gr., 14. gr., 17. gr., 18. gr., 19. gr., 25. gr., 28. gr., 34. gr., 36. gr., 39. gr., 40. gr., 62. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svohljóðandi greinar:

1. gr. (1. gr. stj.skr.). Í öllum þeim málefnum, er varða Ísland sérstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

Hin sérstaklegu málefni Íslands eru talin í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 3. gr., og eru þau þessi:

1. *Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hér að lýtur. Þó verður engin breyting gjörð á stöðu hæstaréttar sem æðsta dóms í íslenskum málum án þess, að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því;*
2. *lögreglumálefni;*
3. *kirkju- og kenslumálefni;*
4. *lækna- og heilbrigðismálefni;*
5. *sveita- og fátækramálefni;*
6. *vegir og pósthöngur á Íslandi;*
7. *landbúnaður, fiskveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir;*
8. *skattamál, bein og óbein;*
9. *þjóðeignir, opinberar stofnanir og sjóðir.*

Meðan Ísland hefir ekki fulltrúa á ríkisþinginu, tekur það engan þátt í löggjafarvaldinu um hin almennu málefni ríkisins, en á hinn bóginn verður þess eigi heldur krafist á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins. *Eigi má ákveða, að Ísland hafi fulltrúa á ríkisþinginu, nema með lögum, er bæði löggjafarvald ríkisins og hið sérstaka löggjafarvald Íslands samþykkir.*

2. gr. (2. gr. stj.skr.). *Konungur er ábyrgðarlaus og fríðhelgur. Hann hefir hið æðsta vald yfir hinum sérstaklegu málefnum Íslands, með takmörkunum þeim, er settar eru í stjórnarskipunarlögum þessum, og lætur ráðherra á Íslandi framkvæma það. Hann skal vera búsettur í Reykjavík, tala og rita íslenska tungu, vera launaður af landssjóði Íslands, og að jafnaði bera lög og önnur mikilsvarðandi málefni sjálfur fram fyrir konung. Auk þess nefnir konungur annan ráðherra fyrir Ísland, sem skal vera búsettur í Kaupmannahöfn. Í fjarvist eða forföllum ráðherrans á Íslandi skal hann í umbóði hans bera mál þau, er konungur ræður úrslitum á, fram fyrir konunginn, og að öðru leyti framkvæma þær stjórnarathafnir, sem eigi má fresta þangað til úrskurðar ráðherrans á Ísland verður leitað.*

Undirskrift konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og landsstjórn á Íslandi veitir þeim gildi, ef annarhvor ráðherranna ritar undir með honum. Þegar ráðherra sá, er

búsettur er í Kaupmannahöfn, undirskrifar lög og stjórnarathafnir í umboði ráðherrans á Íslandi, ber hann að eins ábyrgð á því, að málið sé rétt framflutt og afgreitt.

3. gr. (3. gr. stj.skr.). Ráðherrarnir bera ábyrgð á stjórnarathöfnum sínum. Konungur eða neðri deild alþingis getur kært ráðherrana fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur á Íslandi dæmir þau mál, er höfðuð kunna að verða gegn ráðherranum á Íslandi, en hæstiréttur þau mál, er höfðuð kunna að verða gegn ráðherra þeim fyrir Ísland, er búsettur er í Kaupmannahöfn. Ábyrgð ráðherranna skal ákveðin með lögum.

Deyi ráðherrann á Íslandi eða sýkist svo, að hann fái eigi löglega ráðstöfun gert um stjórnarstörf sín til bráðabirgða, þá annast sá embættismaður, sem honum er næstur, hinn elzti stjórnardeildarstjóri, stjórnarstörf þau, er eigi má fresta, þangað til konungur nefnir annan ráðherra á Íslandi, eða ráðherrann tekur aftur við stjórninni.

Þá er ráðherrann á Íslandi fer utan, eða á annau hátt er fjarlægur bústað sínum, felur hann á meðan öðrum manni á hendur stjórnarstörf sín innanlands á sína ábyrgð, en gæta verður hann þess, að sá maður fullnægi öllum þeim skilyrðum, sem heimtuð eru af mönnum til að gegna embætti á Íslandi.

4. gr. (5. gr. stj.skr.). Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 8 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

5. gr. (11. gr. stj.skr.). Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga, fjárlögin þó því að eins, að þingið hafi eigi getað komið sér saman um þau. Bráðabirgðalög mega eigi koma í bága við stjórnarskrána, og skulu þau ætíð lögð fyrir næsta alþingi á eftir.

6. gr. (12. gr. stj.skr.). Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Þó getur hann eigi náðað ráðherrana, nema með samþykki neðri deildar alþingis.

7. gr. (14. gr. stj.skr.). Á alþingi eiga sæti 32 þjóðkjörnir alþingismenn og 4 alþingismenn, er konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, er kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, er konungur tilnefnir eins fyrir það, þótt alþingi kynni að verða leyst upp. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eftir er af kjörtímanum.

8. gr. (17. gr. stj.skr.). Kosningarrétt til alþingis hafa:

- a. bændur, er bú hafa á 1 hndr. úr jörðu eða meira og gjalda nokkuð til allra stétta; þó skulu þeir, er með sérstakri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, eigi fyrir það missa kosningarrétt sinn;
- b. allir karlmenn í kaupstöðum og hreppum, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, ef þeir gjalda að minsta kosti 4 kr. á ári sem aukauitsvar;
- c. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbréf eða eru skipaðir af yfirvaldi því, er konungur hefir veitt heimild til þess;

- d. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, embættispróf við presta- skólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sé þeir í em- bættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir *sem hjú*.

Með lögum má veita konum kosningarrétt til alþingis.

Enginn getur átt kosningarrétt nema hann sé orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mennorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sé fjár sins ráðandi og honum sé ekki lagt af sveit, eða hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum ver- ið gefinn hann upp.

Með lögum má breyta ákvæðunum um auka-útsvarsgreiðslu í stafl. b.

9. gr. (18. gr. stj.skr.). Kjörgengur til alþingis er hver sá, er hefir kosn- ingarrétt samkvæmt því, er nú var sagt, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2. hefir að minsta kosti í síðustu 3 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, er liggja undir Danaveldi; og
3. sé orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir ver- ið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

10. gr. (ný gr). *Alþingi er friðheilagt. Hver, sem raskar friði þess eða frelsi, gefur eða hlýðir þar að litandi fyrirskipunum, verður sekur um drottinssvik.*

11. gr. (19. gr. stj.skr.). Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur eigi til tekið annan sam- komudag sama ár. *Breyta má þessu með lögum.*

12. gr. (25. gr. stj.skr.). Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja tillag það, er samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstaklegu gjalda Íslands. Þó þannig, að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

Gjöld, sem ákveðin eru með *gildandi* lögum, tilskipunum, konungsúrskurð- um, eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einu sinni eru ákveðnar, nema krafizt sé sérstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt.

Frumvarp til fjárlaganna og eins frumvarp til fjárukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

13. gr. (28. gr. stj.skr.). Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aftur til fyrri þing-

deildarinnar. Verði hér aftur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir þá alþingi málið til lykta eftir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meir en *helmingur* þingmanna úr hvorri deildinni um sig, sé á fundi, og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjárukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aftur á móti að minsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með frumvarpinu.

14. gr. (34. gr. stj.skr.). *Ráðherranum á Islandi* skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Ráðherrann getur einnig veitt öðrum manni umboð til þess á *sína ábyrgð* að mæta á alþingi þegar sjúkdómar eða önnur slík forföll hamla honum frá því.

Atkvæðisrétt hefir *ráðherrann* eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

15. gr. (36. gr. stj.skr.). Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meir en *helmingur* þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

16. gr. (39. gr. stj.skr.). Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til *ráðherrans á Islandi*.

17. gr. (40. gr. stj.skr.). Fundir beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur hlutadeigandi forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og skal þá þingdeild *sú*, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á *leynilegum* fundi.

18. gr. (62. gr. stj.skr.). *Stjórnarskipunarlög þessi um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Islands, 5. jan. 1874*, öðlast gildi ásamt þeirri ákvörðun um stundarsakir, er hér fer á eftir.

19. gr. (2. ákvörðun um stundarsakir í stj.skr.). Þangað til lög þau, er getið er um í 3. gr. 1. málgr., koma út, skal hæstiréttur ríkisins dæma þau mál er *konungur* eða *neðri deild* alþingis kann að höfða á hendur *ráðherranum á Islandi* út af embættisfærslu hans, eftir þeim málsfærslureglum, er gilda við nefndan rétt.